

# **Framkvæmdaleyfi**

## **Vestfjarðavegur (60)**

Frá Eiði í Vattarfirði að Kjálkafirði

**Greinargerð með framkvæmdaleyfi**  
Febrúar 2012



## Efnisyfirlit

<b>1</b>	<b>Forsendur ákvörðunar</b>	<b>1</b>
1.1	Umsókn um framkvæmdaleyfi	1
1.2	Skipulagslög nr. 123/2010	1
1.3	Samræmi við skipulagsáætlanir	2
1.4	Lög og reglur og leyfi annarra leyfisveitenda	2
<b>2</b>	<b>Mat á umhverfisáhrifum</b>	<b>2</b>
2.1	Matsskýrsla Vegagerðarinnar	2
2.2	Álit Skipulagsstofnunar	3
2.2.1	<i>Sjónræn áhrif og verndargildi Breiðafjarðar</i>	3
2.2.2	<i>Fuglalíf</i>	4
2.2.3	<i>Aðrir umhverfisþættir</i>	4
<b>3</b>	<b>Niðurstaða Reykhólahrepps</b>	<b>4</b>
<b>4</b>	<b>Skilyrði og vöktun</b>	<b>5</b>
4.1	Skilmálar samkvæmt skipulagsáætlunum	5
4.2	Skilmálar samkvæmt mati á umhverfisáhrifum	5
4.3	Vöktun	6
4.4	Skilmálar um sérstakt verklag	7



## 1 Forsendur ákvörðunar

Áður en framkvæmdaleyfis umsókn er afgreidd skal sveitarstjórn meta hvort framlögð gögn lýsi framkvæmdinni á fullnægjandi hátt, hönnunargögn séu fullnægjandi, allar umsagnir liggi fyrir og framkvæmdin sé í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir og mat á umhverfisáhrifum. Jafnframt þarf að tryggja að gætt hafi verið ákvæða laga um náttúruvernd og annarra laga og reglugerða sem til álita koma.

Eftirfarandi kaflar 1.1 til 1.4 er yfirlit um helstu forsendur sem Reykhólahreppur lítur til við ákvörðun um framkvæmdaleyfi fyrir Vestfjarðavegi (60), frá Eiði í Vattarfirði að Kjálkafirði.

### 1.1 Umsókn um framkvæmdaleyfi

Vegagerðin óskaði með bréfi, dags. 10.1.2012, eftir framkvæmdaleyfi Reykhólahrepps fyrir Vestfjarðavegi (60) milli Eiðis í Vattarfirði og Þverár í Kjálkafirði. Þessi hluti Vestfjarðavegar verður 15,88 km langur, þar af eru 14,32 km í Reykhólahreppi. Sótt eru um leyfi fyrir veglínu A. Vegurinn verður lagður bundnu slitlagi og byggður skv. vegtegunð C8, 8 m breiður með 7 m breiðri akbraut.

Gögn sem fylgdu umsókn Vegagerðarinnar eru matsskýrsla Vegagerðarinnar, dags. október 2011 og álit Skipulagsstofnunar, dags. 5.12.2011. Þar kemur m.a fram:

- Upplýsingar um fyrirhugaða framkvæmd: staðsetning, breidd og hæð vegar. Upplýsingar um efnisþörf, efnistöku og frágang.
- Hnitsettur yfirlitsuppráttur í mælikvarða 1:50.000 sem sýnir framkvæmd og afstöðu.
- Grunnmyndir í mælikvarða 1:10.000 og 1:4.000. Þar koma fram upplýsingar um legu vegar, fyllingar og skeringar, efnistöku, hæðarlínur, mannvirki sem fyrir eru á svæðinu, umhverfisþætti, fornminjar o.fl.
- Upplýsingar um hvernig framkvæmd fellur að skipulagsáætlunum.
- Yfirlit um mótvægisáðgerðir og vöktun.

Reykhólahreppur telur að gögn Vegagerðarinnar um Vestfjarðaveg uppfylli gr. 9.2 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 og að þau geri fullnægjandi grein fyrir framkvæmd.

### 1.2 Skipulagslög nr. 123/2010

Samkvæmt 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 skal sveitarstjórn:

- Kynna sér matsskýrslu framkvæmdaraðila og kanna hvort framkvæmdin sé sú sem lýst er í matsskýrslu.
- Taka rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Samkvæmt 13. gr. getur sveitarstjórn bundið framkvæmdaleyfið þeim skilyrðum sem koma fram í álit Skipulagsstofnunar, að svo miklu leyti sem aðrir sem veita leyfi til framkvæmdarinnar skv. sérlögum hafa ekki tekið afstöðu til þeirra. Sveitarstjórn er heimilt að binda framkvæmd skilyrðum sem sett eru í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.

Reykhólahreppur hefur kynnt sér matsskýrslu og er framkvæmd sem sótt er um í samræmi við þá sem lýst er í matsskýrslu. Hreppurinn hefur einnig tekið rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar, sjá kafla 2.2, og bundið framkvæmdaleyfið skilyrðum, sjá kafla 4.



### 1.3 Samræmi við skipulagsáætlanir

Í gildi er Aðalskipulag Reykhólahrepps 2006-2018. Gerð var breyting á skipulaginu vegna Vestfjarðavegar og umhverfisskýrsla. Þessi breyting var staðfest af Skipulagsstofnun 4.1.2012. Skipulagið gerir ráð fyrir veglínunni sem nefnd er A, sem er sú leið sem sótt er um skv. umsókn Vegagerðarinnar um framkvæmdaleyfi.

Í gildi er deiliskipulag fyrir hluta Vestfjarðavegar í Reykhólahreppi, þar sem hann fer um verndarsvæði. Deiliskipulagið er uppdrættir, greinargerð og umhverfisskýrsla. Deiliskipulagið hefur verið staðfest með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda. Umsókn Vegagerðarinnar um framkvæmdaleyfi er í samræmi við staðfest deiliskipulag.

Breyting á Vestfjarðavegi í Reykhólahreppi er í samræmi við Aðalskipulag Vesturbyggðar 2006-2018. Breyting á skipulagi vegna Vestfjarðavegar í Kjálkafirði var staðfest af Skipulagsstofnun 13.2.2012.

### 1.4 Lög og reglur og leyfi annarra leyfisveitenda

Samkvæmt gr. 9.1 í skipulagsreglugerð skal sveitarstjórn ganga úr skugga um að gætt hafi verið ákvæða laga um náttúruvernd og annarra laga og reglugerða sem koma til álita áður en framkvæmdaleyfi er veitt.

Lög sem Reykhólahreppur hafði hliðsjón af við ákvörðun um framkvæmdaleyfi eru m.a.:

- ▶ Lög nr. 44/1999 um náttúruvernd
  - > Umhverfisstofnun hefur veitt umsögn um skipulagsáætlanir sem fjalla um Vestfjarðaveg skv. 37. gr. og umsögn hennar liggur fyrir um mat á umhverfisáhrifum í samræmi við 38. gr.
- ▶ Lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum
  - > Framkvæmdaraðili mun sækja um undanþágu til umhverfisráðherra skv. 19. gr.
- ▶ Lög nr. 107/2001 um þjóðminjar
  - > Umsögn Fornleifaverndar ríkisins liggur fyrir um skipulagsáætlanir og mat á umhverfisáhrifum vegna Vestfjarðavegar.
- ▶ Lög nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði
  - > Framkvæmdir hafa ekki áhrif á veiðiár og því þarf ekki heimild Fiskistofu.
- ▶ Lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar
  - > Umsögn Breiðafjarðarnefndar liggur fyrir um skipulagsáætlanir Reykhólahrepps um Vestfjarðaveg og mat á umhverfisáhrifum Vegagerðarinnar. Framkvæmd er í samræmi við 6. gr.
- ▶ Lög nr. 3/1955 um skógrækt
- ▶ Lög nr. 17/1965 um landgræðslu

Gögn framkvæmdaraðila gera grein fyrir því hvernig tekið ofangreindum lögum, ásamt ýmsum reglugerðum sem snúa að framkvæmd.

## 2 Mat á umhverfisáhrifum

### 2.1 Matsskýrsla Vegagerðarinnar

Reykhólahreppur hefur kynnt sér matsskýrslu Vegagerðarinnar og tekur undir það álit Skipulagsstofnunar, dags. 5.12.2011, að hún uppfylli skilyrði laga um mat á umhverfisáhrifum og að umhverfisáhrifum sé lýst á fullnægjandi hátt. Skipulagsstofnun hefur farið yfir gildi þeirra gagna sem liggja til grundvallar matinu og niðurstöðum þess og



telur þau fullnægjandi. Reykhólahreppur telur að matsskýrsla Vegagerðarinnar sé fullnægjandi til að byggja ákvörðun um framkvæmdaleyfi, ásamt álit Skipulagsstofnunar og umsögnum.

Matsskýrsla gerir m.a. grein fyrir framkvæmd skv. veglínu A, sem er sú veglína sem sótt eru um í framkvæmdaleyfi Vegagerðarinnar. Einnig er gerð grein fyrir efnistökusvæðum, umfangi þeirra og frágangi.

## 2.2 Álit Skipulagsstofnunar

Fyrir liggur álit Skipulagsstofnunar, dags. 5.12.2011, um mat á umhverfisáhrifum Vestfjarðavegar (60), milli Eiðis í Vattarfirði og Þverár í Kjálkafirði, í Reykhólahreppi og Vesturbýggð.

Reykhólahreppur telur að álit Skipulagsstofnunar fullnægi lágmarksskilyrðum um rökstuðning og efnisinnihald, þannig að sveitarstjórn geti tekið ákvörðun um umsókn um framkvæmdaleyfi.

Reykhólahreppur hefur við ákvörðun um framkvæmdaleyfi tekið rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar. Í flestum tilvikum metur Skipulagsstofnun áhrifin neikvæðari en sveitarstjórn gerir í umhverfisskýrslum aðalskipulagsbreytingar og deiliskipulags vegna Vestfjarðavegar. Hreppurinn hefur fjallað sérstaklega um áhrif á landslag og ásýnd, verndargildi Breiðafjarðar og fuglalíf, þar sem Skipulagsstofnun dregur fram þessa umhverfispætti í helstu niðurstöðum í álitu sínu.

Fyrir aðra umhverfispætti telur Reykhólahreppur að álit Skipulagsstofnunar geri skýra grein fyrir helstu áhrifum og þeim aðgerðum sem hægt verði að grípa til við framkvæmdir til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum.

### 2.2.1 Sjónræn áhrif og verndargildi Breiðafjarðar

Skipulagsstofnun telur að helstu neikvæðu áhrif fyrirhugaðra framkvæmda verði áhrif á landslag og sjónræn áhrif og þá einkum vegna vegalagningar um Litlanes og vegna þverunar Kjálkafjarðar og Mjóafjarðar. Fyrirhugaðar þveranir Kjálkafjarðar og Mjóafjarðar munu að mati stofnunarinnar verða mjög áberandi mannvirki og mun þannig skipta upp landslagsheildum fjarðanna. Þveranirnar eru á svæði sem nýtur verndar samkvæmt sérlögum um vernd Breiðafjarðar, m.a. vegna landslags, en einnig fjörur og leirur, og að mati Skipulagsstofnunar munu fyrirhuguð mannvirki rýra gildi svæðisins. Skipulagsstofnun telur að ekki séu til mótvægisáðgerðir sem dragi úr neikvæðum áhrifum þverananna á landslag og því verði áhrif á landslag og verndarsvæði vegna þverana Kjálkafjarðar og Mjóafjarðar verulega neikvæð í ljósi staðsetningar, umfangs mannvirkjanna og varanleika áhrifanna, burtséð frá því hvort um er að ræða veglínu A eða B.

Skipulagsstofnun telur að þegar tekið er tillit til umfangs skeringa og fyllinga megni mótvægisáðgerðir, sem Vegagerðin fyrirhugar, lítið til að draga úr, koma í veg fyrir eða bæta fyrir neikvæð áhrif á landslag á Litlanesi. Vegna umfangs vegarins, staðsetningar hans og óafturkræfni áhrifanna verði áhrif á landslag nessins verulega neikvæð, burtséð frá því hvort um er að ræða veglínu A eða B. Skipulagsstofnun telur að á öðrum svæðum verði áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á landslag talsvert neikvæð vegna umfangs og óafturkræfni áhrifanna.

Reykhólahreppur hefur í skipulagsbreytingum á aðalskipulagi og deiliskipulagi vegna Vestfjarðavegar metið sjónræn áhrif og áhrif á landslag fyrirhugaðs Vestfjarðavegar sem neikvæð. Hreppurinn telur að mat á vægi þessara áhrifa byggji að hluta til á huglægum þáttum og því kunni vægi þeirra að vera mismunandi eftir því hver eigi í hlut. Reykhólahreppur telur að þveranir breyti ásýnd og hafi líklega neikvæð áhrif á landslag,



en að þau áhrif séu ekki verulega neikvæð. Lögð er áhersla á að gripið verði til mótvægisáðgerða og beitt verklagi sem haldi beinu raski í lágmarki. Þótt áhrifin séu enn neikvæð eru þessar áðgerðir mikilvægar.

Í umsögn Breiðafjarðarnefndar um frummatsskýrslu kemur fram að nefndin leggist ekki gegn þeirri veglínu sem Vegagerðin leggur til miðað við fyrirliggjandi gögn. Nefndin telur að neikvæðum umhverfisáhrifum sé haldið í því lágmarki sem unnt er miðað við þá þröngu kosti sem landsvæðið býður upp á til vegagerðar. Nefndin telur að þau áform um mótvægisáðgerðir og vöktun sem fram koma í frummatsskýrslunni séu ásættanleg.

Þá kemur fram í umsögn Umhverfisstofnunar um frummatsskýrslu Vegagerðarinnar að Mjólfjörður og innsti hluti Kjálkafjarðar eru það þröngir firðir að þveranir munu valda minni umhverfisáhrifum en ef vegur væri lagður inn þessa firði. Að mati Umhverfisstofnunar er ekki líklegt að umrædd vegagerð muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Stofnunin telur þó að það mætti draga enn frekar úr sjónrænum áhrifum vegagerðarinnar.

## 2.2.2

### **Fuglalíf**

Skipulagsstofnun telur að helstu neikvæðu áhrifin á fugla verði á erni á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Lagning vegarins samkvæmt veglínu A mun leiða til þess að á kafla vegarins verða megin varpstaðir arna á því svæði sýnilegri vegfarendum en frá núverandi vegi og auk þess á lengri kafla. Skipulagsstofnun telur því líkur á að það geti leitt til þess að forvitni vegfarenda verði vakin og umgangur við hreiður arnanna verði meiri en nú er. Truflun yfir varptímann geti leitt til þess að varp misfarist og ítrekaðar truflanir leitt til langvinnis misbrests. Misfarist arnarvarp um áraraðir vegna truflunar á varptíma verði áhrif vegagerðar um viðkomandi vegarkafla verulega neikvæð og hætta sé á að þau verði varanleg. Verði vegurinn hins vegar lagður eftir núverandi vegi á áðurnefndum kafla (veglína B) telur Skipulagsstofnun að neikvæð áhrif umferðar á arnarvarp verði áþekk því sem nú sé og því megi gera ráð fyrir að varp þar haldi áfram að framkvæmdum loknum. Í ljósi þess að hávaði vegna vegavinnu getur styggt erni frá varpi telur Skipulagsstofnun að áhrifin geti verið að minnsta kosti talsvert neikvæð á framkvæmdatíma, óháð því hvor kosturinn verði valinn (veglína A eða B).

Reykholahreppur telur að áhrif á fuglalíf, og þá sérstaklega á erni kunni að verða neikvæð. Skipulagsstofnun telur að áhrif á erni geti hugsanlega orðið verulega neikvæð, misfarist varp í áraraðir. Þegar litið er til niðurstöðu Náttúrustofu Vestfjarða um áhrif Vestfjarðavegar á erni, og að ný veglína verði a.m.k. ekki nær varpstöðum arna en núverandi vegur, að hægt sé að grípa til mótvægisáðgerða til að draga úr neikvæðum áhrifum á framkvæmdatíma og að þau verði að öllum líkindum tímabundin, telur Reykholahreppur að áhrifin séu neikvæð, en ekki veruleg.

## 2.2.3

### **Aðrir umhverfisþættir**

Reykholahreppur hefur farið yfir áhrif á aðra umhverfisþætti og telur að gerð sé skýr og nægjanleg grein fyrir umhverfisáhrifum og þeim aðgerðum sem grípa þarf til.

## 3 Niðurstaða Reykholahrepps

Niðurstaða Reykholahrepps er að veita Vegagerðinni framkvæmdaleyfi fyrir Vestfjarðavegi (60), eins og honum er lýst í framkvæmdaleyfisumsókn og matsskýrslu Vegagerðarinnar. Framkvæmdir vegna vegarins eru í samræmi við Aðalskipulag Reykholahrepps 2006-2018 og deiliskipulag Vestfjarðavegar.

Framkvæmdaleyfið er bundið skilyrðum, sem snúa að framkvæmd, tilhögun framkvæmda, mótvægisáðgerðum og vöktun umhverfisþátta.

Reykholahreppur telur að jákvæð áhrif af breytingum á Vestfjarðavegi vegi meira en þau neikvæðu áhrif sem af framkvæmd verða. Mikilvægur þáttur í þessu mati eru umsagnir



Umhverfisstofnunar og Breiðafjarðanefndar um frummatsskýrslu Vegagerðarinnar og skipulagsáætlanir sveitarfélagsins.

Reykholahreppur telur að sýnt hafi verið fram á að ekki sé unnt að ná markmiðum um samgöngubætur, með öðrum hætti sem valdi umfangsminni umhverfisáhrifum. Fyrirhuguð framkvæmd mun hafa jákvæð áhrif á samgöngur til frambúðar. Nýr vegur kemur í stað vegar sem uppfyllir ekki kröfur Vegagerðarinnar um umferðaröryggi. Nýr vegur mun bæta umferðaröryggi verulega vegna betri legu vegarins og styttingu vegalengda. Góðar samgöngur um svæðið munu bæta hag íbúa á Vestfjörðum sem og allra vegfarenda.

Ójákvæmilegt er að vegaframkvæmdir hafi neikvæð áhrif á náttúru og í þessu tilviki munu þær m.a. hafa neikvæð áhrif á landslag og ásýnd svæðisins. Með hliðsjón af hagsmunum samfélags á sunnanverðum Vestfjörðum telur Reykholahreppur neikvæð áhrif ásættanleg miðað við þann ávinning sem framkvæmdin hefur í för með sér.

Reykholahreppur telur mikilvægt að draga sem mest úr neikvæðum áhrifum vegagerðarinnar með því að aðlaga veginn, vegtengingar, námusvæði og þveranir eins vel að landi og hægt er. Að ósnertu eða lítt röskuðu landi verði raskað sem minnst og gróðursvæði, birkikjarr og votlendi verði endurheimt. Ítrekað er mikilvægi samráðs við sveitarfélagið sem leyfisveitandi og aðra hagsmunaaðila svo draga megir úr sem flestum neikvæðum áhrifum. Bent er á mikilvægi þess að gæta sérstakrar varúðar við framkvæmdir í grennd við arnarvarp og fornleifar.

Til þess að tryggja að dregið verði sem kostur er úr neikvæðum áhrifum á umhverfið bindur Reykholahreppur framkvæmdina skilyrðum, sem byggja á matsskýrslu Vegagerðarinnar, áliti Skipulagsstofnunar, Aðalskipulagi Reykholahrepps 2006-2018 og deiliskipulagi Vestfjarðavegar.

## 4 Skilyrði og vöktun

### 4.1 Skilmálar samkvæmt skipulagsáætlunum

Skilmálar með framkvæmdaleyfi í tengslum við skipulagsáætlanir Reykholahrepps eru:

- ▶ Brúarop verði minnst 116 m í Kjálkafirði og 160 m í Mjóafirði, í samræmi við niðurstöður matsskýrslu.
- ▶ Grætt verði upp kjarr á jafnstóru svæði og tapast við framkvæmdina.
- ▶ Yfirborð núverandi vega, sem verða aflagðir, skulu losaðir upp til að auðvelda og flýta fyrir sjálfsáningu birkis.
- ▶ Starfsreglur settar fram um tilhögun framkvæmda í grennd við arnarhreiður.
- ▶ Við frágang verður reynt að gera skeringar og fyllingar sem minnst áberandi með því að aðlaga brúnir þeirra að landinu í kring. Frágangi verður hagað þannig að ekki myndist vindálag á lausan jarðveg og allar brúnir gerðar ávalar. Skeringar verða sléttaðar vel í samræmi við landslag og halla umhverfis og sáð í þau þar sem við á. Annars mun frágangur fara fram eftir verklagsreglum Vegagerðarinnar (Alverk 95).
- ▶ Í samráði við landeigendur verður tekin ákvörðun um tengingar eftir núvarandi vegum að eyðibýlum á svæðinu og mögulega nýtingu þeirra sem ferðamannavegir.

### 4.2 Skilmálar samkvæmt mati á umhverfisáhrifum

- ▶ Gróður
  - > Endurheimt skógar og annars gróðurlendis í stað þess sem tapast vegna framkvæmda er samkvæmt landgræðslulögum nr. 17/1965 og skógræktarlögum nr. 3/1955.



- > Ef votlendi verður raskað við framkvæmdir verður endurheimt jafn stórt votlendi og raskast við framkvæmdirnar (sjá kafla 6.6.7. í matsskýrslu).
- Fornleifar
  - > Merking fornleifa til að draga úr hættu á raski telst til mótvægisáðgerða. Í kafla 6.4. í matsskýrslu eru tilgreindar mótvægisáðgerðir vegna fornleifa.
- Landslag og ásýnd
  - > Röskuð svæði formuð þannig að þau falli sem best að nánasta umhverfi sínu og endurheimt gróðurþekju takist vel. Fyrirhuguðum frágangi svæða er lýst í kafla 6.10.15 í matsskýrslu.
  - > Við framkvæmd verða aflagðir vegkaflar (tafla 6.10.1 í matsskýrslu). Í botni Kjálkafjarðar verða rúmir 6 km aflagðir og það sama má segja um Mjóafjörð.
  - > Áætlað er að losa upp (rippa) aflagða vegkafla til að auðvelda gróðurframvindu. Þetta á bæði við um stutta aflagða vegbúta og ákveðna hluta í botni fjarðanna. Eftir á að taka ákvörðun um hvort áfram verði hægt að aka inn í fjarðarbotna Mjóafjarðar og Kjálkafjarðar eftir þverun þeirra, en hluti hinna aflögðu vegkafla verði engu að síður græddur upp (kafla 4.5.6 í matsskýrslu).
- Fuglar
  - > Til að neikvæð umhverfisáhrif framkvæmdanna á fuglalíf verði sem minnst verður reynt að skerða óraskað land sem minnst. Engum nýjum svæðum verður raskað á varptíma fugla, frá byrjun maí fram í lok júlí.
  - > Vegagerðin skal sækja um undanþágu til umhverfisráðherra, sbr. 19. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, vegna framkvæmda sem eru innan við 500 m frá arnarhreiðrum og ef ráðgert er að framkvæmdir þar standi yfir á tímabilinu 15. mars til 15. ágúst.
  - > Framkvæmdaraðili skal hafa samráð við Náttúrufræðistofnun Íslands um endanlega staðsetningu vegstæðis í námunda við varpstaði arna og samráð skal haft við Náttúrustofu Vestfjarða um tilhögun vegavinnu þar m.a. með hliðsjón af 19. grein laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum (nr. 64/1994).
  - > Við framkvæmdir á svæðinu verður tekið mið af því hvaða varpstaðir arna eru í notkun hverju sinni og tryggt að sprengingar eða aðrar truflandi aðgerðir fari ekki fram í grennd við arnarhreiður á viðkvæmum tíma.

#### 4.3 Vöktun

Að lokinni uppgræðslu skv. skilmálum skal Vegagerðin ábyrgjast að fylgst verði með framvindu gróðurs meðan nýgróður er að festa rætur og svæðið að laga sig að grenndargróðri.

Framkvæmdasvæðið skal tekið út eftir 2-3 ár og framgangur gróðurs athugaður og gripið

til ráðstafana eins og sáningar (t.d. birkifræja af svæðinu) og áburðagjafir ef þurfa þykir. Einnig verður fylgst með hvort hætta er á jarðvegsrofi á framkvæmdasvæðinu.

Gera skal vöktunaráætlun í samráði við Skógrækt ríkisins vegna endurheimtar skóglendis.





#### 4.4 Skilmálar um sérstakt verklag

Reykholahreppur setur einnig í skilmála í framkvæmdaleyfi að fylgt verði ásetningi um verklag og aðgerðir sem fram koma í matsskýrslu Vegagerðarinnar, sem er m.a.:

- ▶ Lögð verður áhersla á að verktaki gæti þess vel að raska hvergi landi utan framkvæmdasvæðisins, sem er skilgreint sem vegsvæðið að viðbættum námusvæðum og akstursleiðum að og frá þeim, auk svæðis fyrir vinnubúðir. Öll umferð vegavinnutækja verður bönnuð utan framkvæmdasvæðisins.
- ▶ Öll tilhögun við efnistöku og vinnslu verður í samráði við landeigendur og Umhverfisstofnun. Frágangur á efnistökusvæðum verður samkvæmt verklagsreglum í ritinu Námur – Efnistaka og frágangur.
- ▶ Landi skal ekki raska, nema innan afmarkaðra svæða. Innan afmörkunar á efnistökusvæðunum er gert ráð fyrir efnistöku og vinnslu.
- ▶ Við frágang verður leitast við að ganga frá fláum þannig að þeir falli sem best að umhverfi sínu. Halli fláa á grónum svæðum mun ekki verða brattari en 1:2 og þannig verður reynt að tryggja að náttúrulegur gróður geti náð sér á strik.
- ▶ Við uppgræðslu efnistökusvæða verður gætt að grenndargróðri þar sem það á við. Svarðlagi og jarðvegi, sem er ofan á efnistökusvæðunum, verður haldið til haga og nýttur til að endurheimta þann gróður sem fyrir var. Auk þess verður áburður og sáning notuð eftir atvikum.
- ▶ Ekki verður ráðist í uppgræðslu á ógrónum svæðum.
- ▶ Ekki verður hróflað við veiðiám.